

L Ö G

39

12. febr.

um viðauka við og breyting á lögum um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenskra botnvörpuskipa, nr. 93 11. júní 1938.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ef nokkur fjárhæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins eða stofnkostnaði þess, telst sú fjárhæð til skattskyldra tekna þess á því ári.

Ákvæði greinar þessarar ná einnig til íslenskra útgerðarfyrirtækja línuskipa og vélbáta á árunum 1939—1942.

2. gr.

Síðari másl. 2. gr. laganna orðast svo: Verði heimild þessi ekki notuð, má þó ekki leggja hærra útsvar á útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa en sömu fyrirtæki báru árið 1938.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 93 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni:

Lög um skattgreiðslu íslenskra útgerðarfyrirtækja.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

40

12. febr.

um breyting á lögum nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir fjórða málslið fyrri málsgr. 34. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Kjörtímabil nefndarmanna skal miðað við 6 almanaksár.

40

12. febr.

2. gr.
Tvo fyrstu málsliði fyrri málsgr. 38. gr. laganna skal orða svo:
Landsbankanefndin heldur aðalfund sinn einu sinni á ári, svo fljótt sem við verður komið þegar reikningar bankans eru fullgerðir. Boðar forseti nefndarinnar til fundarins með nægum fyrirvara.

3. gr.
Fyrsta málslið fyrri málsgr. 39. gr. laganna skal orða svo:
Á aðalfundi nefndarinnar árið eftir að ný kosning hefir farið fram í nefndina samkv. 34. gr. kýs nefndin sér forseta til aðalfundar 2 árum síðar.

4. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð þeirra landsbankanefndarmanna og varamanna, er kosnir voru á Alþingi 1934, fellur niður 31. des. 1939.

Umboð þeirra landsbankanefndarmanna og varamanna, er kosnir voru á Alþingi 1936, fellur niður 31. des. 1941.

Umboð þeirra landsbankanefndarmanna og varamanna, er kosnir voru á Alþingi 1938, fellur niður 31. des. 1943.

Á þingi því, er samþykkir þessi lög, fer fram kosning 5 landsbankanefndarmanna og jafnmargra varamanna fyrir árabilið frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1945.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

41

12. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný gr., er verður 8. gr., svo hljóðandi:
Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, er nefnist rannsóknanefnd ríkisins, til þriggja ára í senn, eftir tilnefningu þriggja stærstu flokka Alþingis.
Nefnd þessi skal hafa á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og þess hluta rannsóknarstofu Háskóla Íslands, sem hefir með höndum rannsóknir í þágu atvinnuveganna og framkvæmd matvælarannsóknanna. Nefndin ákveður rannsóknarefni